

15

12. marz

FORSETA BRÉF

um heimild íslenzkra ríkisborgara til að bera erlend heiðursmerki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði um heimild íslenzkra ríkisborgara til þess að bera erlend heiðursmerki:

1. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar, sem hér eftir kunna að verða sæmdir erlendum heiðursmerkjum, skulu áður en eða jafnframt því að þeim berst heiðursmerkið í hendur, leita leyfis forseta Íslands til að veita því viðtöku og bera það.

2. gr.

Umsóknir um slík leyfi skulu stílaðar til forsetans og sendar forsetaritari, sem annast fyrirgreiðslu þeirra.

Ritað í Reykjavík, 12. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

16

12. marz

L Ö G

um menntun kennara.

I. KAFLI

Um Kennaraskóla Íslands.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 8 mánuði á ári.

2. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. kennarastarf í barna- og unglingskólum landsins;
2. uppeldisstörf félagslegs eðlis, svo sem við barna- og unglingsheimili, barnaleikvelli, fávítahæli, störf á vegum barnaverndarnefnda og annað þess konar;
3. framhaldsnám við Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, handíðakennaraskóla og húsmæðrakennaraskóla.

3. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild;
2. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða gert hann sjálfan óhæfan til kennslustarfa;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.